

Tilmæli 26/2023  
Tillaga A 1918/UVU  
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2023 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

### Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að framkvæma kortlagningu á jafnvægi þekkingar á Norðurlöndum í því skyni að kortleggja þá framtíðarfærni sem Norðurlönd hafa þörf fyrir á komandi árum sem og, á grundvelli eftirspurnar eftir hæfu fólki, fjárfesta í faglegri fræðslu ungs fólks;
- að þróa og markaðssetja tilkynningaþjónustu fyrir viðeigandi aðila til að greina stjórnsýsluhindranir að því er varðar lögvernduð starfsréttindi;
- að skipa norrænan vinnuhóp í því skyni að þróa sameiginlegar aðgerðir og stjórnækki til að vinna gegn atvinnuleysi og félagslegri einangrun ungs fólks;
- að bæta samstarf vinnumiðlana á Norðurlöndum þannig að atvinnuleitendur geti fengið upplýsingar um öll laus störf á Norðurlöndunum.
- að stuðla að því að gera verkmenntun sýnilegri og eftirsóknarverðari á Norðurlöndunum með því að skapa sameiginlegan námsvettvang um verkmenntun á Norðurlöndum, sem veitir umsækjendum um skólavist og starfsráðgjöfum heildarsýn yfir námsmöguleika í öllum verknámsskólum á Norðurlöndum;
- að stuðla að því að öll Norðurlöndin þróa samningsbundið nám og sveinsnám til að geta komið betur til móts við sífellt ólíkari og breytilegri þörf fyrirtækja fyrir vinnuafli;
- að skapa vettvang með yfirliti yfir þær hæfniskröfur sem krafist er til viðurkenningar á starfsnámi í öðru norrænu ríki ef viðurkenning liggur ekki þegar fyrir.

Ósló, 2. nóvember 2023

Jorodd Asphjell  
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss  
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs